

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Snæfellsbæ.

*Íbúðarhús á og við Selhól, Hellissandi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. júní 2011, deiliskipulag fyrir íbúðarhús á og við Selhól, Hellissandi, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir sjö einbýlishúsalóðum og einni lóð fyrir parhús. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur nýjum lóðum fyrir einbýlishús við Snæfellsás.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Svæði fyrir tómstundabúskap við Fjárborg sunnan Hellissands.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. júní 2011 deiliskipulag svæðis fyrir tómstundabúskap sunnan Hellissands, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulaginu felst að við hesthúsasvæði og æfingasvæði hestamanna við Fjárborg er gert ráð fyrir 6 nýjum lóðum undir hesthús/fjárhús. Lóðirnar eru 63 x 58 m að stærð og heimilt er að reisa allt að 200 m<sup>2</sup> hesthús/fjárhús á einni hæð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Frístundabyggð við Veruflöt og Þórdísarflöt, Hellnum - breyting.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. júní 2011 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Veruflöt og Þórdísarflöt, Hellnum.

Í deiliskipulagstillögunni felst tilfærsla á vegtengingu að lóðinni Þórdísarflöt, sem leiðir til þess að lóðin Búðarbrunnur minnkar, auk þess sem byggingarreitur á Bálhóli er færður til.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 8. september 2011.*

**Smári Björnsson** skipulagsfulltrúi.